

UNGMENNA-HÚSIÐ Í RÓSENBORG

DAGSKRÁ VOR 2019



Hafðu samband! við tökum vel á móti þér

Ungmennahúsið Rósenborg
Skólástígur 2-600 Akureyri
www.husid.net
ungmennahus@gmail.com
4601240
www.facebook.com/ungmennahusid/
[Instagram#ungmennahusid](https://www.instagram.com/ungmennahusid/)

Hafðu beint samband

Kjartan Sigtryggsson-Menningarmál
kjartan@akureyri.is

Guðrún Þórsdóttir- Virkið
gudrunthors@akureyri.is

Kristján Bergmann-Forstöðumaður
kbergmann@akureyri.is

Orri Stefánsson- Atvinnumál og
ráðgjöf
orri@akureyri.is

Helga Bergrún- Atvinna og menning
helgaberg@akureyri.is

Koma svo ég - Virkið

“Koma svo ég!” er virkni námskeið í samvinnu við Virkið. Farið er á söfn, í vinnustaðaheimsóknir, í almenna útivist, í markþjálfun, sjálfstyrkingu í gegnum leik og tónlist, jóga og hugleiðslur.

Koma svo ég er þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og er frá 10-13 og er mæting upp á fjórðu hæð Ungmenna-Hússins.

Bíókvöld -

Fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði horfum við á bíó saman, poppum og drekkum kók.

Bíókvöld eru 1. miðvikudag í hverjum mánuði klukkan: 20:00 og er á fjórðu hæð. Allir velkomnir.

Ungmennahópur SAK - Virkið

Ungmennahópur SAK er hópur ungs fólks sem koma einu sinni í viku í virkni prógram. Um ræðir ýmsa fræðslu, heimsóknir, sjálfstyrkingu, list og fleira.

Dagleg störf -

Dagleg störf er opið starf handa öllum á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum er öllum frjálst að koma í Ungmenna-Húsið og kynna ýmiskonar virkni eins og heimsóknir á listasöfn, fara í klifurvegginn og fá kynningu í list og menningu.

Dagleg störf, þriðjudagar til fimmtudags klukkan 14:00-16:00 og er mæting upp á fjórðu hæð Rósenborgar

Snorri Spilahittingur -

Snorri er spilahópur sem að hittist einu sinni í viku með það að markmiði að spila hlutverkaspilið Dungeons and Dragons og er sá hópur vaxandi.

Snorri hittist á Mánudagskvöldum klukkan 19:30 og stendur til 22:00

Hinsegin Norðurland (hin) -

Hinsegin norðurland er hópur fólks sem hafa það að markmiði að veita hinsegin fólki stuðning sem að finnur sig ekki og flokka sig ekki eftir staðlaðari kynhneigð/vitund gagnkynhneigðar. Félagið heldur einnig fræðslur á ýmsum stöðum varðandi hinsegin málefni, þá sérstaklega út á landsbyggðinni og stuðla þannig að betri líðan og jafnari lífskjörum hinsegin fólks. Allir velkomnir

Einnig bjóðum við upp á frábæra aðstöðu sem er opin öllum. Þar á meðal bjóðum við upp á fullbúið hljóðstúdíó með nýjustu upptökugræjum, viðburðarsal með glænýju hljóðkerfi og góðri aðstöðu til tónleika og viðburðahalds af ýmsu tagi, Æfingarhúsnæði fyrir hljómsveitir, listasal og vinnustofur fyrir unga listamenn.

Annað -

Ýmislegt er á döfinni sem er ekki hluti af okkar daglega starfi en tengist þó inn á okkar dagskrá. til að mynda þá er landsþing ungmennahúsa þann 1 til 3 Mars. Og Barnamenningarhátíð sem haldin er frá 9 til 14 Apríl og verða einhverjir viðburðir á okkar vegum þar inni. Fyrirlestrar verða á vorönninni, Sigga Dögg kynfræðingur kemur og heldur fræðslu um kynlíf og klám þann 30. Janúar.

Hægt er að nálgast viðburðardagatalið okkar í heild sinni á heimasíðu Ungmenna-Hússins, www.husid.net

Fylgstu með okkur á facebook/ungmennahusid/ og instagram #ungmennahusid

Ungmenna-Húsið Skólastígur 2
Ungmennahus@gmail.com s: 4601240 www.husid.net

Hömlulaus Listahátíð ungs fólks -

Hömlulaus er listahátíð ungs fólks á aldrinum 16-20 ára. Hátíðin byggist á smíðjum í mismunandi listgreinum undir leiðsögn reyndra listamanna á norðurlandi. Hátíðinni er svo lokið með uppskerusýningu með tilheyrandi pompi og prakti.

Hömlulaus er dagana 1 til 11 Apríl og hægt er að skrá sig hjá kjartan@akureyri.is

Stulli stuttmyndahátíð -

Stulli stuttmyndahátíð er stuttmyndakeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 15 til 20 ára. Og hefur verið haldin í nokkur ár undir góðum undirtekum og til að mynda þá hefur sigurmynd frá Stulla farið á hina frægu kvikmyndahátíð Cannes í frakklandi. Yfirleitt hefur verið uppgæfið þema sem að þáttakendur vinna eftir en núna í ár hefur verið ákveðið að þemað verði frjálst.

Stulli er haldin 12. Apríl og hægt er að skrá myndina sína hjá kjartan@akureyri.is

Molasykur -

Molasykur er Tónleikaröð Ungmenna-Hússins Rósenborgar.

Markmiðið með Molasykri er að skapa vettvang fyrir ungt fólk sem er að semja og spila tónlist á norðurlandi að koma og flytja hana live í salnum okkar hér í ungmennahúsinu.

Allir tónleikar eru teknir upp með samþykki þátttakenda á stafrænt form og geta þátttakendur svo tekið upptökuna með sér þegar að tónleikum lýkur. Markmiðið er einnig að búa til alvöru tónleika með öllu tilheyrandi fyrir ungt tónlistarfólk, með kynningu sem að ungt fólk á svo sannarlega skilið.

Molasykur er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og byrja klukkan 20:00 í viðburðarsal Ungmenna-Hússins á fjórðu hæð.